



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	Stjórnarfundur 2
Staðsetning:	Google Meet - fjarfundur
Hvenær:	24.6.25 klukkan 17:00
Þátttakendur:	Valgerður Rún Benediktsdóttir - Formaður Gunnar Þór Ásgeirsson - Gjaldkeri Jóhann Ágúst Jóhannsson – Varaformaður Guðmundur Sigurðsson – Meðstjórnandi Ársæll Rafn Erlingsson – Ritari Helga Hákonardóttir - Varamaður Katrín Fjóla Bragadóttir - Varamaður
Fundarritari:	Ársæll Rafn Erlingsson

Yfriferð og samþykkt fundargerðar síðasta fundar

- Farið yfir og samþykkt

Frestanir

- Frestanir ræddar og reglur kringum þær
- Höfum ekki verið að fara eftir reglum um að það sé 2ja vikna fyrirvari á frestunum
- Förum yfir regluna og verður svo rætt betur af stjórn á haustfundi

Breytingar á reglum um vensl

- Farið yfir reglur venslasamninga og breytingar á þeim. Vinnufundur sem JÁJ hélt ut anum kom með tillögur og farið yfir þær.
- Tillaga varðandi að lið gætu einungis gert venslasamning við lið í hliðstæðri deild var rædd – Gætu verið félög sem eru einungis með lið í fyrstu og þriðju deild – flækir regluverkið
- Kom frá GS hugmynd að opna á möguleikann að gera einstaklings venslasamninga – Málið rætt. Verður tekið betur fyrir af stjórn á haustfundi.
- Tekið fyrir hvort það ætti að taka út vensl í bikar – ekki tekið út.
- Samþykkt að fella út að konur geti gert venslasamninga við karlalið í bikarkeppni.

VRB falið að uppfæra reglurnar miðað við umræður á fundinum. Einnig að gera frétt þar sem farið er yfir helstu breytingar.

Breytingar á mótsreglum í Íslandsmóti deildarliða

- Rætt hvort fjölga eigi liðum varanlega úr 10 í 12 – erfitt að vita hvernig framtíðin verður – þarf að kynna með árs fyrirvara líka til að gæta sanngirni.
- Breyting að taka út orðið Íslandsmeistari í neðri deildum og breyta í deildarmeistari – Breyting samþykkt
- Breyting gerð á 9. grein í samræmi við ákvörðun þings: „leikmenn eiga eingöngu rétt til verðlauna í þeirri deild sem þeir leika í með því liði sem þeir eru skráðir í“
- JÁJ bendir á að ef við förum í stórar breytingar á reglum um deildarkeppni að þá þarf það að fara fyrir ársþing.
- Verður svo send út fréttatilkynning á félög með reglubreytingum
- Öll sammála að við viljum ekki takmarka fólk frá því að spila keilu

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

VRB falið að ganga frá reglum í samræmi við umræður á fundinum. Einnig að gera frétt þar sem farið er yfir helstu breytingar.

Landsliðsþjálfaramál – næstu skref

- Verður tekið upp á stjórnarfundum í ágúst.

Mótamál

- GPÁ með þessi mál – verður samtal við SÝN um miðjan ágúst.

Eftirfylgni annarra verkefna

- Mönnun tækninefndar – framkvæmdastjóri óskaði eftir fulltrúum frá félögum en ekki fengið svör. GS er frá ÍA og Björn Guðgeir frá KFR – Vantar frá ÍR.
- Endurskoðun nefndarkerfis er í vinnslu hjá VRB og JÁJ.
- Vinnustofa – VRB heyrir í ÁRE varðandi framhaldi.

Fundi slitið kl. 18:40